

Strandabyggð
Höfðagötu 3
510 HÓLMAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202405-0068
SS

Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar 2021-2033.

Við er í tölvubréf frá Strandabyggð sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 30. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulagsins þann 14. janúar 2022. Stofnunin hefur nú kynnt sér vinnslutillöguna og vill á þessu stigi koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Að mati Náttúrufræðistofnunar býr viðamikil og að mestu mjög vönduð vinna að baki endurskoðunar aðalskipulagsins sem endurspeglar í langri og ítarlegri greinargerð. Í þessari umsögn verður einungis vikið að nokkrum málefnum sem tengjast hlutverki og fagsviði Náttúrufræðistofnunar og vert er að minnast á.

Umfjöllun um náttúrufar, sér í lagi gróðurfar og dýralíf, í kafla 2 í greinargerð er óvenju ítarleg sem er jákvætt og einnig gott að sjá almenna stefnu um að taka þurfi tillit til dýrategunda og búsvæða þeirra. Náttúrufræðistofnun vill taka fram að ólíkt minkum sem eru framandi tegund í íslenskri náttúru og nauðsynlegt er að halda í skefjum þá eru refir eina upprunalega ránspendýrið á landi og einnig þarf að taka tillit til þeirra og þeirra búsvæða. Þar sem bregðast þarf við tjóni af hans völdum ber að gera það af skynsemi og samkvæmt lögum og regluverki því tengt.

Í umfjöllun um rammaáætlun er greint frá Austurgilsvirkjun sem var sett í nýtingarflokk í 3. áfanga rammans. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir virkjuninni eða mannvirkjum henni tengt í vinnslutillögunni og t.d. engin iðnaðarsvæði skilgreind. Ekki kemur fram hver sýn sveitarfélagsins er á næstu skref hvað varðar skipulag virkjunarinnar. Þá má nefna að í nýkynntri tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar er einnig lagt til að Skúfnavatnavirkjun sem er innan sveitarfélagsins fari í nýtingarflokk, en sú tillaga er auðvitað ósamþykkt af Alþingi. Ljóst er ef af þessum virkjunum tveimur verður sem og Kvíslatunguvirkjun sem er gert ráð fyrir í þessu skipulagi muni rask á víðernum sveitarfélagsins verða allverulegt á nokkrum mismunandi stöðum.

Í stefnumörkun um frístundabyggð er gert ráð fyrir nokkrum nýjum frístundabyggðum. Þær eru flestar litlar nema áformuð byggð í Lágadal þar sem gert er ráð fyrir allt að 70 húsum og byggðin hátt í 140 hektarar að stærð. Náttúrufræðistofnun vill benda á að við uppbyggingu frístundabyggðar er stundum gengið á mikilvæg búsvæði mófuglategunda, sem flestar teljast ábyrgðartegundir fyrir Ísland. Margar þeirra þola illa návígi við mannvirki eins og nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á. Æskilegt væri áður en kemur að vinnu við deiliskipulag frístundabyggðar í Lágadal að gera úttekt á fuglalífi svæðisins og taka tillit til þess við frekari útfærslu. Í því samhengi ætti einnig að taka inn í myndina áform um skógrækt á svæðinu.



Ný iðnaðarsvæði eru skilgreind fyrir Kvíslatunguvirkjun. Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir til sveitarfélagsins varðandi umhverfisáhrif Kvíslatunguvirkjunar og er vísað í þær umsagnir varðandi þær ábendingar. Tekið er undir ábendingu frá Skipulagsstofnun í umsögn þeirra frá 5. júlí 2024 að skilgreining á landnotkun iðnaðarsvæðis vegna virkjunarinnar mætti vera skýrara í tillögunni, ekki síst á uppdrættinum.

Stefnt er að töluverðri stækkun á fiskeldi á Nauteyri. Mikilvægt er að meta vandlega umhverfisáhrif af þeirri stækkun og nýta til þess ferli mats á umhverfisáhrifum. Athygli vekur á að ekki er fjallað um stækkun fiskeldisins í umhverfisskýrslu tillögunnar, og er tekið undir ábendingu í umsögn Skipulagsstofnunar hvað þetta atriði varðar.

Margir og ítarlegir skilmálar eru settir fyrir skógrækt og er sérstaklega jákvætt að sjá áherslu á að tekið sé tillit til náttúruverndar og að plöntuval og útplöntun taki mið af náttúrufari og landslagi. Þar vill Náttúrufræðistofnun aftur benda á mófugla og búsvæði þeirra. Þá er jákvætt að lögð er áhersla á að varðveita náttúrulega birkiskóga. Nokkur stór skógræktarsvæði eru tilgreind í tillögunni, það langstærsta í Kollafirði, við Litla Fjarðarhorn og Hlíð. Mikilvægt er að tekið sé til skoðunar matsskylda skógræktar af þeirri stærðargráðu, ekki síst í ljósi þess að þrjú önnur skógræktarsvæði eru skilgreind í firðinum. Áhrif á náttúru og landslag vegna skógræktar eru því líkleg til að verða veruleg þar.

Umfjöllun um uppgræðslu og endurheimt votlendis er fremur rýr. Mikilvægt er að við frekari stefnumótun sé stefnt að því að tilgreina svæði á skýran hátt þar sem góð tækfæri eru fyrir slík endurheimtarverkefni.

Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur ekki fram hvaða námur séu nýjar og hverjar ekki. Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á að þeim sé að fjölga um 15 svæði frá gildandi aðalskipulagi en ekki sé greint frá áhrifum nýrra efnistökusvæða í umhverfismatsskýrslunni. Náttúrufræðistofnun telur brýnt að bætt sé úr þeirri umfjöllun þar sem námur valda alla jafna varanlegu raski á náttúrufari og landslagi.

Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði kemur fram að engin friðlýst svæði séu í sveitarfélaginu. Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að hvetja sveitarfélagið til að skoða hvar og hvernig fjölga mætti friðlýstum svæðum. Hins vegar er mjög ánægjulegt að sjá töluverða fjölgun hverfisverndarsvæða í tillögunni og það í þágu náttúrufars að mestu leyti s.s. strandsvæðin við Kirkjuból, Broddanes og Öspakseyri. Einnig að útfærðir séu frekar ítarlegir skilmálar um hverfisverndarsvæðin til að tryggja verndun dýralífs, gróðurs og annarrar náttúru. Þá er verulega ánægjulegt að sjá Suðurhluta Drangajökuls og Kaldalón undir hverfisvernd og að þar séu settir skilmálar um takmörkun byggingaframkvæmda og að setja eigi verndar- og umhverfisreglur. Er þessi aukning á hverfisvernd og vönduð útfærsla á henni til fyrirmyndar að mati Náttúrufræðistofnunar.

Einnig er jákvætt að sjá svæði þar sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruinjasrár skilgreind undir landflokkinn Önnur náttúruvernd t.d. mikilvæg búsvæði sela í Húnaflóa og Ísafjarðardjúpi sem og Kaldalón og Drangajökulssvæðið og tilgreindir ýmsir skilmálar því tengt. Óvíst er hvernig þessi landnotkun sem og hverfisverndin sem minnst var á

fyrir ofan mun fara saman með áformum um virkjun í Austurgili og mikilvægt að það sé skoðað betur.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun taka undir ábendingu í umsögn Umhverfisstofnunar um vinnslutillöguna frá 14. júní 2024 þar sem sveitarfélagið er hvatt til þess að móta sér stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi áherslu á málefnið í nýsamþykktu Landsskipulagsstefnu 2024-2038. Eins og fram hefur komið í þessari umsögn er allmargt í stefnu sveitarfélagsins eins og hún birtist í þessari vinnslutillögu sem felur í sér jákvæða skipulagsskilmála í þágu verndunar lífríkis og annarrar náttúru og ljóst að málefnið er því í öndvegi sem er afar gott. Frekari stefnumótun myndi skerpa enn betur á þeim áherslum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar